

**286. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 4. janúar 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagenzen byggingarfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir norðurhluta**

Árni Ólafsson arkitekt hjá Teikna akitektum kynnti hugmyndir að deiliskipulagi á norðurhluta Dalbrautarreits.

*Undir þessum dagskrárlíð sátu Haraldur Benediktsson bæjarstjóri, Líf Lárusdóttir, Kristinn Hallur Sveinsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Liv Aase Skarstad, Ragnar B. Sæmundsson og Einar Brandsson.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu. Stefnt skal að því að fyrir liggja drög að tillögu á næsta fundi ráðsins.*

**2. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - Stillholt 23 og Dalbraut 2**

Farið yfir umsókn NH-2 ehf um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Stillholts 23 og Dalbrautar 2, sem unnin er af Tark arkitektum.

*Skipulagsfulltrúi fór yfir fyrirliggjandi skipulagsgögn. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

*Haraldur Benediktsson, Líf Lárusdóttir, Kristinn Hallur Sveinsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Liv Aase Skarstad, Ragnar B. Sæmundsson og Einar Brandsson véku af fundi að loknum þessum dagskrárlíð.*

**3. 2203103 - Deiliskipulag Akratorgsreitur - umsókn um breytingu á Heiðargerði 22**

Umsókn lóðarhafa Lynghals 1 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Akratorgreits vegna lóðarinnar nr. 22 við Heiðargerði. Deiliskipulagsbreytingin er unnin af Sigurbjörgu Helgu Gunnbjörnsdóttur skipulagsfræðingi, dags. 5.6.2023. Í breytingunni felst breyting á atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, gert ráð fyrir 6 íbúðum á einni hæð í núverandi byggingu, íbúðir verða frá 42 fm til 120 fm. Núverandi form útveggja og þak haldur sér en ný klæðning verður sett utan á húsið og breytingar gerðar á gluggum og hurðum.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 14. nóvember til 14. desember 2023 fyrir lóðarhöfum við Merkigerði 12, 16 og 18, Heiðargerði 19, 20, 21, 24 og Kirkjubraut 19, 21, 23.

Þrjár athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna lóðarinnar Heiðargerði 22 verði samþykkt. Jafnframt leggur ráðið til að greinargerð skipulagsfulltrúa, sem svör við athugasemdum sem bárust við deiliskipulagsbreytinguna, verði samþykkt sem svör bæjarstjórnar við innsendum athugasemdu.*

**4. 2207007 - Deiliskipulag Breiðarsvæði - Bárugata 15, breyting**

Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis vegna lóðarinnar Bárugötu 15 var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 11. maí til og með 22. júní 2023. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun óbreytt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**6. 2312084 - Blue Water Kayak og Hoppland - erindi**

Ósk um bætta aðstöðu fyrir vatnasport á Akranesi.

*Erindi lagt fram um bætta aðstöðu fyrir vatnasport á Akranesi. Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra að vinna málið áfram.*

**7. 2311169 - Æðaroddi - rekstrarhringur og brú (Dreyri)**

Reglur frá Hestamannafélaginu Dreyra varðandi rekstrarhring.

Svar frá Vegagerðinni við fyrirspurn um staðsetningu á rekstrarhringnum.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið til reynslu til eins árs.*

**5. 2311356 - Höfðasel 15 gámar - umsókn um stöðuleyfi**

Sótt er um að setja skrifstofugáma við Höfðasel 15.

Svæðið er ódeiliskipulagt (í vinnslu).

Í dag eru skrifstofugámar sem sótt var um stöðuleyfi fyrir á sínum tíma (2008).

Hvorki hefur verið sótt um stöðuleyfi né greitt fyrir það í nokkur ár.

Í október barst byggingarfulltrúa erindi um hvort skipta mætti skrifstofueiningunum út fyrir nýjar og málið var tekið fyrir á fundi skipulags- og umhverfisráðs og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að ekki verði tekin afstaða um uppsetningu gámaeininga fyrr en vinnu við deiliskipulag á svæðinu er lokið. Vinna við gerð deiliskipulags stendur nú yfir.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**

*Gunn-Engjón Gunnarsson  
Anna Sölvá Smaradóttir  
Saraís Aletta Sigurmundsdóttir*